



FÉLAG MÁLMÍÐNAÐARMANNA AKUREYRI

SKIPAGATA 14 · P.O. BOX 156 · 602 AKUREYRI · Sími: 462 6800 · Kennitala: 541080-0669

Alþingi

Erindi nr. Þ 120/1526

komudagur 17/4 1996

Nefndadeild Alþingis
Þórshamri v/ Templarasund
150 Reykjavík.

Félag málmíðnaðarmanna, Akureyri vill taka fram að það getur alls ekki mælt með að frumvarp til laga um stéttarfélög og vinnudeilur, 415 mál, verði samþykkt óbreytt.

Ákvæði um vinnustaðafélög mun ekki styrkja verkalýðshreyfinguna. Ákvæði um vinnustaðasamninga gæti hinsvegar verið til bóta.

Reglur um atkvæðagreiðslur eru of flóknar, og margbreytilegar hlutfallstölur eru beinlínis villandi fyrir félagsmenn.

Þröskuldar eru of háir og geta gert mjög erfitt fyrir í mörgum tilvikum.

Viðræðuáætlun er til bóta og ætti að geta skilað raunhæfum árangri.

Valdsvið ríkissáttasemjara verður mjög mikið og getur það orkað tvímælis. Þó ætti að skoða alvarlega tilraunir til að sem flestir gangi frá sínum kjarasamningum á sama tíma.

Að lokum skal það undirstrikað að ef gera skal breytingar á vinnulöggjöfinni er mjög mikilvægt að slíkar breytingar verði ekki samþykktar í andstöðu við aðila vinnumarkaðarins.

Akureyri 16.4. 1996

Virðingarfyllt

f.h. Fálgs málmíðnaðarmanna Akureyri

Hákon Hákonarson.